

Ó Þ E K K T U R

# VÍGLUNDAR SAGA



 SAGA  
EGMONT

Ó Þ E K K T U R

# VÍGLUNDAR SAGA



 SAGA  
EGMONT

Óþekktur

# Víglundar saga

Saga

*Víglundar saga*  
Copyright © , 2019 Ó\_ekktur and SAGA Egmont  
All rights reserved  
ISBN: 9788726225747

1. e-book edition, 2019  
Format: EPUB 2.0

All rights reserved. No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

SAGA Egmont [www.saga-books.com](http://www.saga-books.com) - a part of Egmont,  
[www.egmont.com](http://www.egmont.com)

# Víglundar saga

## 1. KAFLI

Haraldur hinn hárfagri son Hálfðanar svarta var þá einvaldskonungur yfir Noregi er saga þessi gerðist. Hann tók ungur konungdóm. Haraldur var allra manna vitrastur og vel búinn að íþróttum öllum þeim er konunglegri tign byrjaði. Konungur hafði marga hirð um sig og valdi þar til ágæta menn þá sem reyndir voru að harðfengi og mörgum frægðarverkum. Og sem konungur girntist að hafa með sér hið besta mannval, svo voru þeir og betur haldnir en nokkurir menn aðrir í því landi því að konungur sparði hvorki við þá fé né fullting ef þeir kunnu til að gæta. En eigi var hitt þó með minna móti að þeim þreifst öngum er í móti gerðu hans vilja. Sumir urðu landflæmdir en sumir drepnir. Kastaði konungur þá sinni eign á allt það er þeir áttu eftir en margir mikils háttar menn flýðu úr Noregi og þoldu eigi álögur konungs, þeir sem voru af stórum ættum, og vildu heldur fyrirláta óðul sín og frændur og vini en liggja undir þrælkan og ánauðaroki konungs og leituðu mjög til ýmissa landa.

Um hans daga byggðist mjög Ísland því að þangað leituðu margir þeir sem eigi þoldu ríki Haralds konungs.

## 2. KAFLI

Þórir hét jarl er ríki átti að ráða í Noregi. Hann var ágætur maður og kvæntur. Hann hafði fengið ágæta konu. Jarl ól